

**Nefndasvið Alþingis**  
**Við Austurvöll**  
**150 Reykjavík**

**21. desember 2010**

**Efni: Umsögn Efnamóttökunnar hf. um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, 186. mál 139. þings.**

Vísað er til tölvupósts 24. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp sem berast skuli eigi síðar en 21. desember 2010.

Umsögn Efnamóttökunnar beinist fyrst og fremst að ákvæðum er varða framleiðendaábyrgð á raf- og rafeindatækjaúrgangi.


Þau atriði sem Efnamóttakan vill leggja sérstaka áherslu á eru eftirfarandi:

- Núverandi leið er röng.** Að mati Efnamóttökunnar er það kerfi sem valið var til að uppfylla tilskipun Evrópusambandsins um innleiðingu framleiðendaábyrgðar á raf- og rafeindatækjaúrgangi allt of flókið og kostnaðarsamt til að ná tilgangi sínum um lágmörkun kostnaðar fyrir atvinnulífið og neytendur. Eins og úr hefur spilast hafa verið stofnuð tvö gjaldkerfi við hliðina á hinu þriðja, þ.e. Úrvinnslusjóði, sem allir aðilar á markaðnum hafa verið sáttir við.
- Raftækjaúrgangur undir Úrvinnslusjóð.** Það er megintillaga Efnamóttökunnar til lengri tíma litið að úrgangsstjórnun raf- og rafeindatækjaúrgangs eigi að fella undir Úrvinnslusjóð og hefja undirbúning að því nú þegar. Þessu til frekari rökstuðnings er bent á að við innleiðingu framleiðendaábyrgðar á rafhlöður og rafgeyma í þessu frumvarpi er talið nægjanlegt að fella framkvæmdina undir Úrvinnslusjóð. Sömuleiðis er í ákvæðum um innleiðingu framleiðendaábyrgðar á einnota drykkjarvöruumbúðum sett heimild til ráðherra til að ákveða að aðeins starfi eitt skilakerfi er ekki starfi í hagnaðarskyni ef framleiðendur eða innflytjendur er bindast í samstarfs hafa a.m.k. 70% markaðshlutdeild.
- Úrbætur á núverandi leið (löggjöf) þar til Úrvinnslusjóður tekur við.** Þrátt fyrir lið 2. vill Efnamóttakan leggja áherslu á að helstu efnisatriði er lúta því að bæta framkvæmdina innan núverandi lagaákvæða nái fram að ganga við fyrsta mögulega tækifæri á meðan unnið er að því að yfirfæra framkvæmdina til Úrvinnslusjóðs. Ástæðan er sú að á núverandi löggjöf eru alvarlegir ágallar sem leiða til þess að mikil hætta er á samkeppni skilakerfa um félagsmenn sé byggð á röngum forsendum. Stóri vandinn er sá að hægt er að stilla upp skilakerfi sem skilar reglulegum mánaðarlegum tekjum en frestar kostnaði í lengstu lög á því auðvelt með að skila hagnaði til skemmri tíma litið. Þó lögin kveði á um að skilakerfi eigi að bera kostnað á við markaðshlutdeild sína er svigrúm til túlkunar á því hver sá kostnaður sé alltof mikill á meðan ekki liggur fyrir útfærsla og skilyrðing af hálfu þeirra opinberu aðila sem bera ábyrgð á

starfsleyfum skilakerfanna og eftirliti með starfsemi þeirra. Þannig getur skilakerfið safnað úrgangi langt undir sinni markaðshlutdeild og að því er virðist safnað honum upp í ótiltekinn tíma án þess að þurfa að rökstyðja slíkt. Bókfærður kostnaðar þessa skilakerfis getur því verið langt undir því sem nemur markaðshlutdeild kerfisins á meðan ekki er til staðar „mekanismi“ eins og útfært kostnaðarjöfnunarkerfi sem þvingar það skilakerfi til að greiða hinu skilakerfinu kostnað sem nemur þessum mun. Á meðan svo er getur viðkomandi skilakerfi í krafti lægri bókfærðs kostnaðar, og í þeirri trú að ekkert muni breyta honum, stillt upp gjaldskrá sem er í raun undir kostnaðarverði til að lokka til sína félagsmenn. Við þessar aðstæður hefur skilakerfið sem safnar úrgangi umfram markaðshlutdeild sína tvo kosti sem báðir eru slæmir. Annars vegar að draga úr söfnun, segja upp samningum við sveitarfélög og afskrifa þann einskíptis kostnað sem liggur í kostnaðarsömum flutningi gáma út á söfnunarstöðvar á landsbyggðinni. Hins vegar að lækka gjaldskrá sína til að halda í félagsmenn og taka á sig tap á því að halda úti gjaldskrá sem leiðir til þess að tekjur verða undir raunverulegum kostnaði. Síðari kosturinn væri tekinn í þeirri von og trú að umrætt tap verða bætt síðar og unnt verði að hækka gjaldskrána síðar þegar búið er að koma „jafnvægi“ á kostnaðarbókhald hins skilakerfisins.

4. **Athugasemdir við einstakar greinar.** Varðandi athugasemdir við einstakar greinar er nærtækast að vísa sem fyrr segir til umsagnar RR-skila. Efnamóttakan getur í einu og öllu tekið undir athugasemdir RR-skila enda sú umsögn unnin að miklu leyti í samvinnu við Efnamóttökuna.

Virðingarfyllt,



Jón H. Steingrímsson,

framkvæmdastjóri Efnamóttökunnar hf.